

Tillaga menningarfulltrúa að úthlutunum úr Hvatningarsjóði ungmenna 2021

- Birna Berg Bjarnadóttir. Nemi í MÍT og FG, fyrrum nemandi í Tónlistarskóla Garðabæjar og fær meðmæli frá Laufeyju skólastjóra. Er söngkona í hljómsveitinni Pólyfóníu sem er skipuð ungmennum úr Garðabæ og hafa þau meðal annars farið til Ystad að leika fyrir hönd Tónlistarskóla Garðabæjar. Hljómsveitin spilar poppaðan jazz og eru að fara í upptökur. Biðja um 150.000kr.

Tillaga að styrkupp hæð: 150.000

- Austin Ng Ching Nu er nemi í MÍT og í grunnskóla í Garðabæ og er aðeins 14 ára gamall. Hann er nemandi Auðar Hafsteinsdóttur sem er einn fremsti fiðlukennari landsins en hún er að undirbúa framhaldstigspróf með Austin. Hún telur að hann þurfi tækifæri til að spila fyrir fólk og leggur til að hann leiki fyrir eldri borgara og íbúa á hjúkrunarheimili en einnig á uppákomum á Garðatorgi í sumar. Þá væri tilvalið að fá hann til að leika 1 stutt verk á athöfninni. Biður um 150.000kr.

Tillaga að styrkupp hæð: 150.000

- Jóhannes Damian Patrekur eða Jói Pé sótti um styrk til að vinna að myndlistarsýningu sem byggir á ömmu hans sem býr á Garðatorgi. Hann vill setja upp sýningu á Garðatorgi sem er sannarlega til þess fallið að menningarlífið í bænum njóti góðs af. Jói Pé er þekktur rappari og gæti sýningin án efa vakið athygli t.d. fjölmiðla. Hann sækir um 300.000 en spurning um að láta 150.000 kr. duga?

Tillaga að styrkupp hæð: 150.000

Aðrir sem sóttu um:

- Norðkvist- systur eru í Skapandi sumarstörfum ásamt Tryggva Pétri og sækja um styrk fyrir sama verkefni og þær eru með í greiddri vinnu frá bænum í sumar. Ætla að spila hér og þar um bæinn í sumar en alveg spurning hvort það fellur ekki undir skapandi sumarstörf. Hafa fengið styrk í mörg ár, duglegar systur en kannski ástæðulaust að þær séu áskrifendur á styrk? Umsóknin er mjög óskýr og þau tilgreina ekki neina upphæð.
- Sigga Ósk skrifaði bæjarstjóra sem bað menningarfulltrúa að koma málinu í farveg, þrátt fyrir að henni hafi verið bent á að sækja um styrk gerði hún það ekki.
- Fanndís Kara Guðnadóttir og Halldór Valberg Skúlason sóttu um fyrir mjög óræðu verkefni þar sem myndlist og hugbúnaður mætast, ekki alveg ljóst hvað þetta gerir beint fyrir menningarlífið í Garðabæ. Þau biðja um 500.000kr. Mjög fljótandi hvað þetta verkefni á að fyrirstilla og hvert markmiðið er annað en að fá peninga.